

Sp.

681. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla.

Frá Páli Zóphóniassyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að gera nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland. Nefndin verði þannig skipuð: einn maður eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu hreppsnefndar Reykhólahrepps, einn eftir tilnefningu sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tilnefningu Breiðfirðingafélagsins í Reykjavík, og einn skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður. Nefndin skili álitinu og tillögum fyrir 1. október 1943.